

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030, athafnasvæði og breytt ákvæði, Byggðarhorni.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 11. apríl 2014 breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 1. ágúst 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 20. mars 2014.

Í breytingunni felst að hluta búgarðabyggðar í Byggðarhorni er breytt í 8 ha athafnasvæði. Jafnframt er bætt við 4. mgr. kafla 4.7.2 í greinargerð aðalskipulags ákvæði um þéttleika og stærðir lóða í Byggðarhorni þar sem heimilt er að reisa veglegt íbúðarhús, hesthús eða húsnaði fyrir húsdýrahald. Við 2. mgr. kafla 4.9.1 er bætt ákvæði um 8 ha athafnasvæði á lóð í Byggðarhorni.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 11. apríl 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*